

Í þessum söguramma vinna nemendur með réttir og smölun, ásamt því að kynna sér hvaða verk bændur leysa af hendi í tengslum við þau verk. Heppilegt er að hefja þemað í kringum réttartíma og fara í réttir að fyrsta hluta loknum. Nemendur útbúa líkan af réttum, smíða dýr, fólk og búnað sem fylgir flutningi sauðfjár frá réttum og heim. Verkefnablöðum, teikningum, ljósmyndum og fleiru er safnað í vinnubók sem verður eilífur vitnisburður um framkvæmd og útkomu verkefnisins, einnig vinna þeir matvæli úr innmat sauðfjár. Þegar verkefninu er lokið á vel við að halda bekkjarkvöld þar sem nemendur bjóða aðstandendum að skoða afraksturinn, smakka matvælin og hlýða á lestur ljóða og sagna.

		Sögurammi:	Réttir		Unnið með hliðsjón af söguramma frá Gunnhildi Óskarsdóttur
Sögu- þráður	Lykil- spurningar	Vinna nemenda	Bekkjarskipulag	Efni og gögn	Afrakstur
Réttir	Hvað eru réttir?	Íslenska: Hugstormun	Allur bekkurinn	Flettitafla	Skilningur á hugtökum Skilgreining á réttum
	Hvar eru réttir?	Samfélagsfræði: Hugstormun	Hópar (3-5 nemendur)	Bókasafn og veraldarvefur	Vitneskja um staðsetningu rétta og tilgangi þeirra
		Myndmennt: Nemendur vinna undirlag fyrir réttirnar	Allir nemendur í myndmennt vinna saman	Tréplata (platti) og málning	Undirlag fyrir líkan af réttum
		Myndmennt: Nemendur hlaða réttina	Allir nemendur í myndmennt vinna saman	Grjót og trjágreinar, lím	Líkan af réttum og umhverfi þeirra
	Hvað viljið þið láta réttirnar heita?	Íslenska: Nemendur leita upplýsinga um heiti rétta á veraldarvefnum og búa til skilti með því nafni sem valið er	Hópar (3-5 nemendur)	Tölvur, skráningarblöð Túss og kartonpappír í skiltið	Nöfn á réttum (sérnöfn) Ákvarðanatáka (nota eitt nafn) skilti
Réttarferð	Hvernig eru réttir?	Vettvangsferð	Allur bekkurinn	Réttir í nágrenninu, myndavél fyrir nemendur að	Samanburður á raunveruleika og eigin hugmyndum

				taka myndir af því sem fyrir augu ber	Skýrsla og úrvinnsla mynda
Fólkið í réttunum	Hvað er gert í réttum?	Íslenska: Hugstormun	Hópar (3-5 nemendur)	Vinnublöð	Skilgreining á tilgangi rétta og réttarstörf flokkuð
Bóndi heimsækir bekkinn og segir frá eigin upplifun		Samfélagsfræði: Hlustun og umræður	Í byrjun allur bekkurinn, síðan skipt í hópa (3-5 nemendur)	Vinnublöð, nemendur teikna mynd út frá frásögninni	Skilningur á því sem fram fer í réttum. Myndir af réttum
		Samfélagsfræði: Nemendur gera hljóðaleikhús þar sem bændur eru að fara af stað í leitir	Hópar (4-6 nemendur)	Upptökutæki, áhöld og eigin raddir til að framkalla umhverfishljóð	Túlkun, tjáning, framkvæmd á upptöku. Upptakan sjálf
		Íslenska: Nemendur skrifa sögu eða ljóð um réttarstörf og tengda vinnu. Sagan/ljóðið lesið upp fyrir bekkinn	Einstaklingsvinna	Vinnublöð	Sköpun, ígrundun, ritun, túlkun og tjáning. Ljóð
		Tónmennt: Nemendur læra að syngja lög og vísur sem tengjast réttum. Endilega að fá hugmyndir frá nemendum	Allur bekkurinn	Sönghefti	Túlkun, tjáning, framsögn og söngur. Listi yfir þjóðleg ljóð og vísur Sönghefti
	Hvaða fólk er í réttum?	Íslenska: Nemendur teikna fólkið sem er í réttunum Gefa sinni persónu nafn, gera stutta lýsingu; aldur, útlit, starfsheiti, búseta, menntun og áhugamál	Einstaklingsvinna	Vinnublöð og litir	Lýsing, uppkast að persónu sem verður búin til í smíðatíma
Hvað ef rignir í réttunum?	Hvernig klæðist fólk í réttum?	Íslenska: Hugstormun og skoða myndir af vefnum Til að klæða persónurnar rétt	Allur bekkurinn	Flettitafla	Skilningur á hugtökum sem tengjast veðri, klæðnaði
		Smíði: Nemendur smíða sína persónu	Einstaklingsvinna	6 mm mdf-plata, sög, sandpappír, málning	Persónur: þ.e. bændur og réttargestir úr tré
Dýrin í réttunum	Hvaða dýr eru í réttum?	Stærðfræði: Umræðuhópar	Hópar (3-5 nemendur)	Vinnubók/blöð	Flokkun: listi yfir þau dýr sem eru í réttunum

	Hvaða heita litir dýranna?	Stærðfræði: Hugstormun, skoða bækur og veggmyndir	Allur bekkurinn	Veggspjöld með súlurítum um algengi dýralita	Skráning og flokkun Vitneskja um litaheiti dýranna
	Hvað eru dýrin stór?	Stærðfræði: Nemendur búa til dýr, men n og tæki í raunstærð Smíði: Nemendur teikna uppkast af útliti dýrs sem þeir velja sér (eða fá skabbalón) og smíða það Textilmennt: Nemendur taka með sér dýrin sem þeir smíðuðu og vinna feld á þau	Hópar (3-5 nemendur) Einstaklingsvinna, (nemendur velji sér ólík dýr)	Maskínupappír, myndvarpi, liti, skæri og málningu blöð, blýantur og kalkipappír 6 mm mdf-plata, sög og sandpappír Málning ef nemendur vilja	Skilningur á hlutföllum, raunstærð Dýr: þ.e. kindur, hestar og hundar úr tré
	Hvar er féð á sumrin?	Samfélagsfræði: Hugstormun: fjallað um landgæði og fleira Stærðfræði: Nemendur skoða kort af sveitinni þ.e. afrétti og bændabýlunum og merkja inn á kortið Smíði: Nemendur búa til mæliprik úr trjágrein Stærðfræði: Nemendur skoða kortið aftur	Allur bekkurinn Hópar (3-5 nemendur) Einstaklingsvinna	Flettitafla Landakort, miðar með bæjarnöfnum og tituprjónar Trjágrein, trjáklippur, málband og brennipenni	Vitneskja og skilningur á afrétti og hvernig landgæði eru þar Skilningur á byggð í sveit og fjarlægðum milli staða Nemendur eiga mæliprik til að nota við verkefnavinnu
Aðdragandi réttanna	Hvers vegna eru haldnar réttir?	Samfélagsfræði: Hugstormun	Allur bekkurinn	Flettitafla	Vitneskja um hauststörf í sveit og vinnu sauðfjárbænda s.s. smölun
	Hvernig bekkja	Stærðfræði: Nemendur skoða markaskrár. Búa til	Hópar (3-5 nemendur)	Vinnublöð, markaskrár	Flokkun og skráning

	bændur sitt fé út úr hópnunum?	og teikna sitt eigið mark			Vitneskja um mörk og tilgangi þeirra
Réttarlök	Hvernig er féð flutt heim?	Samfélagsfræði: Hugstormun	Allur bekkurinn	Flettitafla	Vitneskja um fjarrekstur og heimkeyrslu á vögnum
Farartæki		Smíði: Nemendur útbúa farartæki (dráttarvélar og kerrur)	Einstaklingsvinna	Afgangsefni í smíðastofu, sagaðar skífur fyrir hjól, málning	Farartæki til flutninga á fé og fólki
	Hvað gerir bóndinn við féð þegar heim er komið?	Samfélagsfræði: Kennari fræðir nemendur um þrjá meginþætti landbúnaðar þ.e. frumframleiðsla, úrvinnsla, sala og dreifing	Allur bekkurinn	Vinnublöð, litir, flokka og skrá framleiðsluferli afurðar frá bónda til neytenda	Skilningur á vinnsluferli matvæla
	Hvað er unnið úr afurðum sauðfjár?	Heimilisfræði: Nemendur vinna úr þeim afurðum sauðkindar sem til falla að hausti þ.e. innmat og fleira	Hópar (2-4 nemendur)	Hakkavél, mjöl, mör, mjólk, vambir, blóð, lifur og ílát	Slátur og lifrabuff Vitneskja um afurðir sauðkindar, matargerð og uppskriftir
Lok sögurammans		Bekkjarkvöld: Lok sögurammans þarf að vera skýr og er kynning á vinnunni ágætis endir	Allur bekkurinn og aðstandendur	Allt sem unnið hefur verið í verkefninu	Framsögn, túlkun, upplestur og kynning á verkefninu Skynjun og smökkun matvæla

5.1.5 Námsmat

Nemendur safna vinnublöðum, teikningum og skissum í verkefnamöppu sem kennari metur til einkunna. Einnig er hægt að meta frágang, virkni, samvinnu, þátttöku og hvernig nemendur vinna með heimildir. Eftir hvern hluta sögurammans fylla nemendur út sjálfsmatsblöð í umsjón kennarans. Í gegnum verkefnavinnuna veitir kennari nemendum leiðsagnarmat sem leiðbeinir þeim áfram og á rétta braut, í vinnu þeirra.

Dæmi um sjálfsmatsblað fyrir nemendur

Sjálfsmatsblað nemenda

Nafn nemanda: _____ Bekkur: _____

	Alltaf	Oft	Stundum	Sjaldan
Ég vinn vel í tíma				
Ég er sjálfstæð/ur í verki				
Ég vanda vinnubrögð og geng vel frá				
Ég sýni góða hegðun og kurteisi				
Ég á góð samskipti við aðra í tíma				
Ég fylgi fyrirmælum kennarans				

Umsögn kennara:

Dæmi um umsagnarblað kennara við lokanámsmat og einkunnagjöf.

Námsmat, umsagnarblað kennara.

Nafn nemanda

Umsögn

Einkunn

Nafn nemanda	Umsögn	Einkunn

5.1.6 Útvíkkun verkefnisins

- Við lok persónusköpunar nemenda og lýsingu, má tengja þann þátt við stærðfræði, með umfjöllun um aldur persónanna. Gera má tímalínu þar sem fæðingarár hvernar persónu er skráð og þá fá nemendur betri yfirsýn yfir þann tíma sem líf þeirra spannar.
- Við stærðfræðikennslu er gott að kynna nemendum fjölbreyttar reikniaðgerðir og getur kennari stuðst við kennsluhugmyndir úr bókinni *Young mathematicians at work, Constructing Number Sense, Addition, and Subtraction* frá árinu 2001, eftir Catherine Twomey Fosnot og Maarten Dolk, þá sérstaklega kafla 8.
- Þegar nemendur hafa búið til mæliprik og skoðað landakort er hægt að fjalla um breytingu á búsetu. Merkja sérstaklega inn eyðibýli og ígrunda hvers vegna þau fóru í eyði. Mæliprikið má nýta til að mæla þær vegalengdir sem smalar fara frá bæ sínum og um afréttinn til að safna fénu saman.
- Eftir sláturgerð í heimilisfræði er tilvalið að leggja nokkra sláturkeppi í súr og geyma til þorra. Nemendur geta þá haldið þorrablót og borðað eigin þorramat. Með því næst tenging úr haustþemanu yfir í önnur þemu í skólastarfinu. Kennari getur stuðst við vinnubók fyrir nemendur í heimilisfræði, *Hollt og gott 2* frá árinu 2001, eftir Halldóru Birnu Eggertsdóttir og Hjördísi Jónsdóttur, þá sérstaklega bls. 22 -23.
- Tengja má íslensku við flesta þætti verkefnisins s.s. búa til veggspjöld þar sem nemendur skrá lýsingarorð, sagnorð og nafnorð þegar verið er að fjalla um persónur, athafnir o. fl.
- Kennari getur sett upp vinnustöðvar í íslensku þar sem hann einstaklingsmiðar kennsluna. Vinna með slíkar stöðvar er fjögurra til sex vikna ferli og henta því vel sem viðbót við þema sögurammans. Á stöðvunum er nemendum getuskipt í þrjá til fjóra hópa og á hverri vinnustöð er unnið í verkefnum sem tengjast þemanu í sögurammanum, ýmist sjálfstætt eða með stuðningi kennarans. Dæmi um vinnustöðvar:

Hópur eitt:

Kennari og nemendur ræða um einn tiltekinn staf t.d. K (kind). Nemendur og kennari skrifa stafinn, segja hljóðið. Skrifa svo og segja orð með stafnum sem upphafs-, inn- eða endahljóði. Dæmi: kind, Skjóni eða bak. Kennari ætti að leitast við að tengja stafavinnuna við réttarþemað.

Hópur tvö:

Nemendur fá blöð með texta, sem eykur orðaforða tengdan réttum. Það væri mjög gott ef kennari næði að lesa textann fyrir nemendur t.d. í heimakrök á undan kennslustundinni. Á blöðunum finna nemendur orð með stafnum sem er til umfjöllunar í stöðvavinnunni það skiptið og skrifa í vinnubækur eða á vinnublöð.

Hópur þrjú:

Nemendur fá blöð með texta tengdan réttum sem þeir hafa ekki lesið áður, það eykur orðaforða almennt. Þeir eiga einnig að finna orð með stafnum sem er til umfjöllunar í það skiptið og skrifa í vinnubækur eða á vinnublöð.

Kennari getur stuðst við kennsluhugmyndir úr bókinni *Differentiated Reading instruction, Strategies for the Primary Grades* frá árinu 2007, eftir Sharon Walpole og Michael C. McKenna, þá sérstaklega kafla 9 - 11.

- Nemendur geta sett upp leikrit þar sem þeir leika afmarkaða þætti úr sögurammanum og sýna öðrum nemendum og/eða á bekkjarkvöldi.
- Útfærsla á ljóðinu *Á Sprengisandi* gæti verið eftirfarandi miðað við bókina *Leiklist í kennslu, handbók fyrir kennara* eftir Önnu Jeppesen og Ásu Helgu Ragnarsdóttur.

- Kyrrmynd:

Nemendur tákna einn atburð í ljóðinu. Leitarmenn í göngum og útilegumenn sem ásælast sauðfé smalanna og baráttu þeirra um kindurnar. Hægt er að taka viðtöl við þá einn og einn og spyrja smalana hvers vegna þeir eru að safna kindunum, hvernig það sé að vera útilegumaður á Íslandi og hvort maður geti ekki orðið leiður og hræddur í þessu endalausá myrkri

á veturna. Tófan og álfadrottningin geta einnig fengið hlutverk og látið ljós sitt skína.

- Kastljós:

Ein persóna er fengin í kastljósið og spurð spjörunum úr, dæmi: „Voru smalarnir hræddir um að villast og komast ekki heim?“ „Hvernig er að ferðast um óbyggðir?“ Ýmsar spurningar geta vaknað sem fróðlegt getur verið að fá svör við.

- Persónusköpun:

Ekki ósvipað og kyrrmyndir, nemendur taka sér til dæmis hlutverk allra þeirra óhreinu anda sem gætu orðið á leið knapans yfir Sprengisand.

- Skrifað í hlutverki:

Nemendur skrifa dagbók í hlutverki smalans/útilegumannsins þar sem ferðinni yfir Sprengisand er lýst.

- Samviskugöng:

Nemendur taka sér hlutverk smala, óhreinna anda og skyldurækninnar. Óhreinu andarnir og skylduræknin raða sér hvor á móti öðrum og smalinn gengur í gegn um göngin. Dæmi: Smali er að leggja af stað í smölun á Sprengisandi. Samviska smalans segir honum ýmist að ferðin sé mikilvæg og hann þurfi að fara þessa ferð, ekkert sé að óttast enda sögur um óhreina anda, útilegumenn og álfadrottningar hreinn uppspuni. Á hinn bóginn þá hvetur hin hlið samviskunnar hann til að fara hvergi þar sem hættunar leynast víða á ferð yfir þennan stórhættulega eyðisand þar sem margir illir vættir bíði þess að murka úr honum líftórana.

Kennari getur stuðst við kennsluhugmyndir úr bókinni *Leiklist í kennslu, handbók fyrir kennara* frá árinu 2006, eftir Önnu Jeppesen og Ásu Helgu Ragnarsdóttur.

5.2 Vetrarþema

Kennsluverkefni þetta miðar að samþættingu íslensku og hönnunar og smíði. Þó er einnig auðvelt að samþætta það við fleiri námsgreinar. Kennsluverkefnið miðar við umfjöllun um veturinn og þau kennslutækifæri sem bjóðast úti og inni honum tengd í aldanna rás, enda hefur veður alltaf haft mikil áhrif á líf Íslendinga. Þjóðsögur og ljóð fjalla um þessi áhrif og munum við vinna kennsluhugmyndir með áhrif vetrarins á hugarheim fólks fyrr og nú. Við munum setja fram tvö dæmi um umfjöllunarefnið, annars vegar tengingu við þorrann og hins vegar tengingu við Sæmund fróða Sigfússon sem var prestur í Odda á Rangárvöllum.

5.2.1 Kennslumarkmið

Nemendur

- geri sér grein fyrir áhrifum vetrarins, ljóss og myrkurs á hugarheim manna.
- kynnist þjóðsögum, ljóðum og sagnaarfi heimabyggðar.
- geri sér grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa í samfélaginu og áhrifum þeirra á trúgirni fólks.
- kynnist hugtökum eins og raunveruleiki og ímyndun, birta og myrkur, hræðsla og hugrekki, hatur og ást, gleði og sorg.
- auki orðaforða með munnlegri tjáningu, ritun og hlustun.
- efli eigin hæfileika og sjálfstæða hugsun með verk- og bóklegri vinnu.
- átti sig á mikilvægi tillitsemi við náungann og samstarfs í öllum samskiptum.
- kynnist fjölbreyttum vinnubrögðum við úrlausnir bók- og verklegra verkefna.

5.2.2 Upphaf verkefnis um þorra

Umfjöllun þessa verkefnis er þorrinn og veðurfar á þeim árstíma. Kennsluverkefnið miðar að samþættingu íslensku við hönnun og smíði ásamt öðrum listgreinum. Verkefnunum sem unnin eru, er safnað í námsmöppu og hún metin til einkunna að verkefninu loknu. Verklegr verkefni eru ljósmynduð þegar þau teljast fullkláruð og

eru sett í námsmöppuna, ásamt sjálfsmatsblöðum. Nýta má matsblöð þau sem sýnd eru í haustþema.

Lesefni sem tengist umfjöllunarefninu:

Gunnhildur Óskarsdóttir, Ragnheiður Hermannsdóttir og Sigrún Helgadóttir. (2008).

Komdu og skoðaðu, íslenska þjóðhætti. Námsgagnastofnun: Reykjavík. (bls. 26-27).

Sigrún Eldjárn. (2005). *Kuggur 5, Þorablót*. Mál og menning: Reykjavík.

Steinunn Þorvaldsdóttir og Ragnhildur Gísladóttir. (2010). *Velkominn Þorri*. Bókaforlagið Salka: Reykjavík.

Vísur og ljóð sem tengjast umfjöllunarefninu:

Kolbrún Sigurðardóttir, Sverrir Guðjónsson og Þórdís Mósesdóttir. (1991).

Ljóðsprotar. Önnur útgáfa. Námsgagnastofnun: Reykjavík.

Þorrapællinn 1866, Kristján Jónsson, bls. 20.

Snerpa > allt hitt > textasafn. Sótt 5. apríl. 2010 af

http://www.snerpa.is/allt_hitt/textasafn/Thegar_hnigur_hum_ad_Thorra

Þegar hnígur hím að Þorra, Björn M. Olsen og Hannes Hafstein, án bls.

5.2.3 Framkvæmd verkefnis

Verkefnið hefst á umfjöllun um ljóðið *Þorrapæll* (Nú er frost á fróni) sem er hentug kveikja að því sem á eftir kemur. Ljóðið fjallar um átök veðurhams og myrkurs, að auki leynist í ljóðinu mikill lærdómur um hagi fólks fyrr á tímum, ásamt því að fyrir koma ýmis orð sem gætu þarfnast útskýringa. Fyrst eru nemendur látnir leggjast á gólfíð með lokuð augun, ljóðið lesið og útskýrt. Með innlifunaraðferð, ímynda þeir sér hvernig er að vera í slíkum kulda fyrir 1100 árum, síðan er hægt að ræða það sem nemendur sáu fyrir sér og teikna myndir. Ýmsar leiðir eru færar fyrir kennara til að efla orðaforða nemenda með verklegri og skriflegri úrvinnslu á ljóðinu og innihaldi þess.

Tenging við leiklist

Nemendur geta sett upp leikrit þar sem þeir leika afmarkaða þætti úr ljóðinu *Þorraþræll* og sýna öðrum nemendum og/eða á bekkjarkvöldi, dæmi um úrvinnslu leiklistar.

Persónusköpun: Nemendur takast á við hlutverk úr ljóðinu, einn verður kári í jötunmód, annar skipstjóri sem æðrast yfir aflatjóni, hásetinn sem harmar hlutinn sinn, kvartar og kveinar. Ekki má gleyma bóndanum sem horfir hryggur á minnkandi heyjaforðann eða döprum hjúunum.

Dýpkun á hlutverki: Þar ræða nemendur um aðstæður fólks á þessum tímum. Hvers vegna hækkaði fólk ekki bara á ofnunum fyrst það var svona kalt og mikið frost. Nemendur eru í hlutverki og velja sér persónu eða atvik sem sagt er frá í ljóðinu.

Kastljós: Þeir eru spurðir út úr af bekkjarfélögum og verða að svara í samræmi við hlutverkið sem þau völdu sér. Þetta er endurtekið þar til allir hafa svarað fyrir sitt hlutverk. Með þessari aðferð öðlast nemendur skilning á breyttum lífsháttum fólks fyrr á öldum, til dagsins í dag.

Skrifað í hlutverki: Kennari getur einnig fengið nemendur til að skrifa í hlutverki þeirra persóna sem fyrir koma í ljóðinu, s.s. kári skrifar bóndanum afsökunarbréf, bóndinn skrifar bréf til þorrans og biðst vægðar eða kindurnar segja frá hvernig var að lifa slíkan skort.

Tenging við tónmennt

Þorraþræll er sunginn með túlkun á hljóðum og hreyfingum náttúrunnar sem nemendur sjá um. Gera má ráð fyrir að í þetta sinn syngi þeir og fari með textann af meiri innlifun og skilningi en áður.

Verkefninu líkur á umfjöllun um bókina *Kuggur 5, Þorrablót*. Kennari les bókina fyrir nemendur og fjallar um innihald hennar. Þegar umfjöllun um bókina er lokið getur kennari sett upp vinnustöðvar tengdar íslenskukennslu þar sem hann leitast við að einstaklingsmiða kennsluna. Á stöðvunum er nemendum getuskipt í þrjá til fjóra hópa og á hverri vinnustöð er unnið í verkefnum sem tengjast bókinni *Kuggur 5, Þorrablót* eða öðrum verkefnum í íslensku. Nemendur vinna ýmist sjálfstætt eða með stuðningi kennarans.

Hópur eitt:

Nemendur spila spilið stafapörun þ.e. para saman litla og stóra stafi. Þeir leggja spjöld með stórum og litlum stöfum á hvolf, snúa þeim og para saman lítinn og stóran staf, eins konar minnisleikur.

Hópur tvö:

Nemendur fá vinnublöð með línunum og reit fyrir mynd. Þeir skrifa á línuna orð sem þeim finnast erfið og illskiljanleg, fletta upp í *Orðabók barnanna* og skrá skýringuna við orðið. Þegar því er lokið teikna nemendur mynd sem táknar um umrætt orð.

Hópur þrjú:

Nemendur fá blöð sem henta getu og færni, með texta úr *Kugg*, sem eykur orðaforða og eflir lesskilning. Fyrri umfjöllun kennara um bókina ætti að nægja nemendum, þannig að þeir geti unnið verkefnið nokkuð sjálfstætt, að neðan má sjá dæmi um slík verkefni.

Kennari getur stuðst við kennsluhugmyndir úr bókinni *Differentiated Reading instruction, Strategies for the Primary Grades* frá árinu 2007, eftir Sharon Walpole og Michael C. McKenna, þá sérstaklega kafla 9 - 11.

Hér að neðan koma dæmi um lesskilningsverkefni tengd bókinni *Kuggur 5, Þorralót*, fyrir nemendur sem eru komnir mis langt í lestri og lesskilningi. Verkefnablöðin hafa verið minnkuð en auðvelt er að stækka þau í rétta stærð.

Lesskilningsverkefni úr *Kuggur 5, Þorralót*, þyngdarstig 1.

Krossaðu yfir myndina sem á við setninguna.

Kuggi er jökulkalt og hann dregur hífuna enn betur yfir eyrun.



Þegar hann kemur að húsi Málfríðar og mömmu hennar, heyrir hann hávaða og læti að innan.



Málfríður er alveg hræðilega óþekk núna og er í fýlu inni í eldhúsi.



Lesskilningsverkefni úr *Kuggur 5, Þorablót*, þyngdarstig 2.

Það er frost á Fróni og frýs í æðum blóð. Kuggi er jökulkalt og hann dregur húfuna enn betur yfir eyrun. Þegar hann kemur að húsi Málfríðar og mömmu hennar heyrir hann hávaða og læti að innan. Eru gömlu kellurnar að rífast, eða hvað? Hann hikar um stund en hringir svo dyrabjöllunni. Mamma Málfríðar kemur til dyra. Hún er með þvottaklemmu á nefinu. Gott þú komst, Kuggur minn, segir hún nefmælt. Komdu fljótt inn úr kuldanum. En settu þessa klemmu strax á nefið á þér, áður en þú kemur lengra inn. Málfríður er alveg hræðilega óþekk núna og er í fýlu inni í eldhúsi.

1. Hvað er Kuggur með á höfðinu?

2. Hvað heyrir Kuggur innan úr húsi Málfríðar?

3. Hvað er mamma Málfríðar með á nefinu?

Lesskilningsverkefni úr *Kuggur 5, Þorablót*, þyngdarstig 3.

Það er frost á Fróni og frýs í æðum blóð. Kuggi er jökulkalt og hann dregur húfuna enn betur yfir eyrun. Þegar hann kemur að húsi Málfríðar og mömmu hennar heyrir hann hávaða og læti að innan. Eru gömlu kellurnar að rífast, eða hvað? Hann hikar um stund en hringir svo dyrabjöllunni. Mamma Málfríðar kemur til dyra. Hún er með þvottaklemmu á nefinu. Gott þú komst, Kuggur minn, segir hún nefmælt. Komdu fljótt inn úr kuldanum. En settu þessa klemmu strax á nefið á þér, áður en þú kemur lengra inn. Málfríður er alveg hræðilega óþekk núna og er í fýlu inni í eldhúsi. Af hverju er hún í fýlu? Spyr Kuggur og klæðir sig úr útifötunum. Hann setur klemmuna á nefið þótt hann skilji nú eiginlega ekki til hvers. Varstu eitthvað að stríða henni? Nei, nei, þú misskilur þetta alveg. Hún er hress og kát, en það er bara svo mikil fýla af matnum sem hún er að búa til. Hann er súr og úldinn og viðbjóðslegur í alla staði! Málfríður hefur bitið í sig að halda þorablót. Hugsaðu þér! Þorablót? Hvað er það nú aftur? Spyr Kuggur og kveinkar sér. Klemman meiðir hann í nefið svo hann tekur hana af sér. Þá finnur hann strax að það er óvenjuleg lykt inni hjá þeim mæðgum.

Framhald af lesskilningsverkefni úr *Kuggur, þorrablót*, þyngdarstig 3.

Hafið þið nokkuð gleymt að fara út með ruslið hjá ykkur? Nei, þetta er nú bara fnykurinn af þorramatnum, væni minn!

1. Hvað er Kuggur með á höfðinu? _____

2. Hvað heyrir Kuggur innan úr húsi Málfríðar?

3. Af hverju er mamma Málfríðar með þvottaklemmu á nefinu?

4. Er Málfríður í fýlu? (Rökstyddu svar þitt).

5. Af hverju finnst mömmu Málfríðar vond lykt af matnum?

6. Hverju heldur Kuggur að Málfríður og mamma hennar hafi gleymt? _____

Lesskilningsverkefni úr *Kuggur 5, Þorrablót*, þyngdarstig 4.

Það er frost á Fróni og frýs í æðum blóð. Kuggi er jökulkalt og hann dregur húfuna enn betur yfir eyrun. Þegar hann kemur að húsi Málfríðar og mömmu hennar heyrir hann hávaða og læti að innan. Eru gömlu kellurnar að rífast, eða hvað? Hann hikar um stund en hringir svo dyrabjöllunni. Mamma Málfríðar kemur til dyra. Hún er með þvottaklemmu á nefinu. Gott þú komst, Kuggur minn, segir hún nefmælt. Komdu fljótt inn úr kuldanum. En settu þessa klemmu strax á nefið á þér, áður en þú kemur lengra inn. Málfríður er alveg hræðilega óþekk núna og er í fýlu inni í eldhúsi. Af hverju er hún í fýlu? Spyr Kuggur og klæðir sig úr útifötunum. Hann setur klemmuna á nefið þótt hann skilji nú eiginlega ekki til hvers. Varstu eitthvað að stríða henni? Nei, nei, þú misskilur þetta alveg. Hún er hress og kát, en það er bara svo mikil fýla af matnum sem hún er að búa til. Hann er súr og úldinn og viðbjóðslegur í alla staði! Málfríður hefur bitið í sig að halda þorrablót. Hugsaðu þér! Þorrablót? Hvað er það nú aftur? Spyr Kuggur og kveinkar sér. Klemman meiðir hann í nefið svo hann tekur hana af sér. Þá finnur hann strax að það er óvenjuleg lykt inni hjá þeim mæðgum. Hafið þið nokkuð

Framhald af lesskilningsverkefni um *Kugg 5, Þorrablót* þyngdarstig 4.

gleymt að fara út með ruslið hjá ykkur? Nei, þetta er nú bara fnykurinn af þorramatnum, væni minn! Þú getur rétt ímyndað þér hvaða áhrif þessar eiturgufur hafa á lofthjúp jarðar. Að maður nú ekki tali um gróðurhúsaáhrifin! Mamma þó! Málfríður kemur æðandi og er ströng á svip. Ég trúi ekki að þú sért svona óþjóðleg. Þú veist að það er heilög skylda okkar að fræða unga fólkið um hversu dásamlegur þorramatur er! Kuggur! Sjáðu bara kræsingarnar! Hér verður haldin dýrleg veisla í kvöld! Kuggur lítur á veisluborðið. Þar sér hann ýmislegt sem hann þekkir vel. Þarna er til dæmis hangikjöt, flatkökur og harðfiskur. En svo sér hann líka ýmislegt sem er mjög skrítið og það er ekki allt jafn girnilegt. Þar eru litlir bitar sem gefa frá sér hrikalega vonda lykt og svo eru þarna meira að segja brennd dýraandlit. Þetta herna eru sko dæmigerð svið, útskýrir Málfríður ánægð. Sviðnir kindahausar. Virkilega gómsætir með augu og tungu og ýmislegt nammigott. Og hér eru svo alveg hreint dásamlegir hákarlsbitar. Þeir eru reyndar svínslega bragðsterkir og það er því alveg nauðsynlegt að kneypa maltöl með.

1. Hvað er Kuggur með á höfðinu? _____
2. Hvað heyrir Kuggur innan úr húsi Málfríðar?

3. Af hverju er mamma Málfríðar með þvottaklemmu á nefinu?

4. Er Málfríður í fýlu? (Rökstyddu svar þitt).

5. Af hverju finnst mömmu Málfríðar vond lykt af matnum?

6. Hverju heldur Kuggur að Málfríður og mamma hennar hafi gleymt? _____
7. Hvað finnst Málfríði um þorramat? _____
8. Hvað heita litlu bitarnir sem gefa frá sér vonda lykt? _____
9. Hvað kallast brenndu dýraandlitin? _____
10. Hvað þýðir að kneypa? _____
11. Hvað finnst Málfríði nauðsynlegt að drekka með þorramatnum? _____

Tenging við hönnun og smíði.

Nemendur vinna einstaklingsverkefni þ.e. mynd tengda umfjöllun um *Kugg 5*, *Þorralót*, úr afgangsefni sem til fellur í smíðastofunni. Spýtukubbar, sag, plast, spæmir o. fl. til myndsköpunar, undirlagið er krossviðarplata af stærðinni A4. Myndefnið er límt á og málað/bæsað að vild. Nemendur vinna verkið í tímaröð út frá bókinni þannig að þegar myndirnar eru hengdar upp á vegg sést söguþráður bókarinnar í myndunum.

5.2.4 Upphaf verkefnis um þjóðsögur

Höfundar búa í Rangárþingi-ytra því var tilvalið að nýta þjóðsögur nærumhverfis sem kveikju að þessum hluta verkefnisins. Þær þjóðsögur, þar sem söguviðið er í Rangárþingi og eru hluti af sagnabrunni þeim sem nemendur ættu að kynnast. Í umhverfi flestra skóla má finna þjóðsögur sem hægt er að nýta til umfjöllunar á hverju svæði fyrir sig. Þjóðsögur í Rangárþingi eru fjölmargar en við ætlum að tengja okkar umfjöllun við Sæmund fróða Sigfússon sem var prestur í Odda á Rangárvöllum. Þangað eiga börn á Hellu og Rangárvöllum kirkjusókn og eru því kunnug umhverfinu þar. Kennsluhugmyndirnar byggja á því að þjóðsögur spruttu upp úr jarðvegi fáfræði almúgans, ásamt því myrkri sem umlukti hýbýli fólks yfir vetrartímann. Talið er að sumar þessar sögur hafi verið búnar til af fullorðnum, til þess að börn færu sér síður að voða í umhverfi heimkynna sinna.

Lesefni sem tengist verkefninu

Jón Árnason. (1958). *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri III*. Útgefendur: Árni

Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson. Bókaútgáfan Þjóðsaga: Reykjavík.

Í bókinni *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri III* er kafli um Sæmund fróða og samskipti hans við kölska (bls. 490-495).

Jón Baldur Hlíðberg og Sigurður Ægisson. (2008). *Íslenskar kynjaskepnur*. JPV útgáfa: Reykjavík.

Jón R. Hjálmarsson. (2000). *Þjóðsögur við þjóðveginn*. Almenna bókafélagið: Reykjavík.

Njörður P. Njarðvík. (1989). *Púkablístran og fleiri sögur af Sæmundi fróða*. Iðunn: Reykjavík.

Sigrún Helgadóttir. (2001). *Komdu og skoðaðu, land og þjóð*. Námsgagnastofnun: Reykjavík. (bls. 14-15).

Sigrún Helgadóttir og Sólrún Harðardóttir. (2009). *Komdu og skoðaðu, íslenska þjóðhætti*. Námsgagnastofnun: Reykjavík. (bls. 24-26).

5.2.5 Framkvæmd verkefnis

Fyrsti hluti verkefnisins hefst á umræðum kennara og nemenda þar sem þeir ræða þær miklu breytingar sem orðið hafa á lífi og afþreyingarmöguleikum fólks í þétt- og dreifbýli. Kennari spyr nemendur opinna spurninga sem tengjast efninu. Það er mjög mikilvægt fyrir framvindu verkefnisins að nemendur nái að gera sér grein fyrir þeim aðstæðum sem fólk bjó við á tímum þjóðsagna. Eftir umræður og hugstormun, þar sem kennari og nemendur skrá þær hugmyndir sem koma fram, slekkur kennari ljósin og fær nemendurnar til að leggjast á gólfíð. Þá beita þeir innlifun og skynjun til að setja sig í spor og hugarheim fólks á fyrri tímum. Í myrkrinu les kennari þjóðsögu um viðskipti Sæmundar við kölska og nemendur reyna að gera sér í hugarlund hvernig þessar sögur urðu til. Í framhaldi af þessari hugstormun og innlifun, lesa og skoða nemendur bækur með þjóðsögum og/eða leita að þjóðsögum á veraldarvefnum til að kynna sér ritunarform þjóðsagna.

Tenging við hönnun og smíði

- Nemendur búa til blekpenna úr trjágrein. Trjágrein er klippt í hæfilega lengd, nemendur tálga odd á greinina og skreyta hana á persónulegan hátt. Pennanum er síðan dýft í blek til að skrifa með honum.
- Eldri nemendur hola að innan trjágrein í pennastokk undir blekpennann sinn. Trjágreinin klofin eftir endilöngu og holið að innan með holjární, leðurbönd fest á með skrúfum fyrir lamir og læsingu.
- Nemendur tálga með tálguhúf þjóðsagnapersónu, kölska í viðureignum sínum við Sæmund fróða eða furðudýr úr trjágreinum.

Tenging við íslensku

- Hver og einn nemandi semur og ritar sögu í anda gamalla þjóðsagna. Nemendur nota blekpennann sinn til að hreinskrifa á verkefnablað, það sem fer í verkefnabók.

- Hver og einn nemandi velur sér þjóðsögu sem þeir hafa verið að fjalla um og æfir upplestur, framsögn og tjáningu.
- Nemendur lesa og skoða ljóð um drauga og aðra vætti sem tengjast þjóðsögum og vinna verkefni tengd þeim.

Tenging við myndmennt

Hver og einn velur sér eina sögu sem tengist þeirra byggðarlagi og býr til klippimynd úr pappír þar sem áherslan er á aðbúnað og lifnaðarhætti fólks á þeim tímum þegar þjóðsögur lifðu með fólki.

Annar hluti verkefnisins hefst á að kennari fjallar um ljós, tólgarkerti og hvernig lýsing var í húsum á fyrri tímum þ.e. fyrir tíma rafmagns. Kennari minnir nemendur á að þjóðsögur urðu einmitt til vegna myrkfælni og ótta við torkennileg hljóð sem heyrðust í myrkrinu en ekkert sást. Kennari fær nemendur til að loka augunum og hlusta eftir hljóðum í umhverfinu.

Tenging við heimilisfræði

Nemendur búa til kerti til að skilja betur tólgarkertagerð að hætti fyrri tíma. Við setjum með leiðbeiningar um kertagerð sem við fundum á veraldarvefnum (<http://jol.ismennt.is/kertagerd.htm> [sótt 5. apríl 2010]).

Það sem þarf til kertagerðar er eftirfarandi:

Bómullargarn í kveikiþræði (ljósagarn), kertavax eða gömul kerti sem eru brædd niður. Mjótt prik (ca 40 cm langt), til að festa kveikiþræðina á, ílát sem er dýpra en lengdin á kertunum á að vera. Ílátid á að vera úr málmi til að auðvelda þrif.

Klippa þarf kveikiþræðina niður í þá lengd sem kertið á að vera að viðbættu því sem fer í að binda hnút á prikið. Gæta þarf að bilinu milli kertaþráðanna svo að kertin klessist ekki saman. Málmílatid er fyllt í það minnsta til hálfis með volgu vatni og bráðnu vaxi er hellt ofan á (vaxið flýtur ofan á vatninu). Vaxið á ekki að vera heitara en svo að dýfa megi fingrum í það án þess að brenna sig. Ef það er heitara þá tollir vaxið ekki á kveikiþræðinum. Kertaþráðunum er svo dýft ofan í vaxið aftur og aftur, en látið storkna eða kólna á milli, þar til kertin eru orðin mátulega gild.

Tenging við hönnun og smíði

- Nemendur búa til kertastjaka úr trjágrein. Trjágreinin er klofin/söguð eftir endilöngu og nemendur bora hæfilega breitt gat, fyrir kertið sem þeir gera í heimilisfræði, með borsveif.
- Þeir nemendur sem eru fljótir að ljúka verkefninu, endurvinna áldósin og útbúa kertastjaka í gömlum stíl þ.e. lýsistýru. Eldri nemendur geta einnig gert stærri luktir úr niðursuðudósum.

Þriðji og síðasti hluti verkefnisins er undirbúningur eða lokaafurð þorra- og þjóðsagnaþemans þ.e. baðstofukvöld. Kennari þarf að leitast við að skapa rétt andrúmsloft og stemningu meðal nemenda fyrir baðstofukvöldið. Liður í þeirri viðleitni er að kennari og nemendur fjalla um klæðnað fólks, skoða bækur tengdar efninu og búa þeir til einfalda búninga í textílmennt.

Tenging við textílmennt

Nemendur búa sér til einfaldan búning að hætti fyrri tíma. Stúlkur búa til svuntur og teikna mynstur með fatamálningu en drengir búa til einfalda vestistreyju (sem þeir smeygja yfir höfuð sér), þeir skreyta vestistreyjuna með fatalitum.

Tenging við hönnun og smíði

Nemendur smíða líkan af burstabæ í smækkaðri mynd, þó þannig að bærinn er eingöngu framhlið. Nemendur teikna og mála bæinn sinn eftir fyrirmynd úr bókum sem þeir hafa til hliðsjónar. Á bakhlið plötunnar teikna og mála nemendur innanstokksmuni. Þannig gera þeir sér betur grein fyrir ytra og innra skipulagi slíkra burstabæja.

Á baðstofukvöldinu koma nemendur í ullarfatnaði að heiman en að auki klæðast þeir búningunum sem búnir voru til í textílmennt. Nemendur skipta með sér verkum, sumir sjá um upplestur, aðrir um söng og kveðskap en aðrir vinna verk sem unnin voru í baðstofunni. Kennari getur stuðst við kennsluhugmyndir um kvöldvöku í *Komdu og skoðaðu, land og þjóð*. Það á vel við að bjóða foreldrum og aðstandendum á baðstofukvöldið til að sjá afrakstur verkefnavinnunnar.

5.2.6 Námsmat

Nemendur safna vinnublöðum, teikningum og skissum í verkefnamöppu sem kennari metur til einkunna, einnig er hægt að meta frágang, virkni, samvinnu og þátttöku. Verkefni eru ljósmynduð þegar þau teljast fullkláruð og eru sett í möppuna. Kennari veitir nemendum leiðsagnarmat sem leiðbeinir þeim áfram í gegnum verkefnavinnuna og á rétta braut í vinnu sinni. Nýta má námsmatsblöð sem koma fram í haust- og sumarþema.

5.2.7 Útvíkkun verkefnis

- Fjöldi þjóðsagna tengjast ýmsum tímabilum vetrar. Til eru margar sögur um samskipti manna og álfa, sérstaklega yfir jólahátíðirnar. Í bókinni *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri III*, má finna margar slíkar sagnir, t.d. sagan Álfasíki (bls. 167-168). Hún gerist í Rangárþingi og á því vel við. Kennari getur nýtt sér kennsluhugmyndirnar að ofan til að vinna söguna með nemendum.
- Kennari getur stuðst við námsefni í bókinni *Komdu og skoðaðu, íslenska þjóðhætti* bls. 20-23), þegar hann leitar að efni sem tengist jólum og jólahaldi, ásamt fleiru.

Hann getur fjallað um tilkomu jólatrjáa á Íslandi og samþætt við hönnun og smíði, ásamt textílmenn. Verkefni sem tengjast fyrrnefndum verkgreinum má auðveldlega samþætta við stærðfræði og íslensku.

- Í hönnun og smíði: Nemendur smíða jólakúlur eftir eigin teikningu af jólakúluformi. Þeir saga út tvö stykki í 6mm MDF þannig að annað stykkið er bakhlið en hitt framhlið. Nemendur saga miðjuna úr framhliðinni og skreyta stykkinn að vild. Eftir það líma þeir mynd að eigin vali á bakstykkið og líma svo framstykkið yfir svo úr verður myndarammi með lögun jólakúlu, til að hengja upp.
- Í hönnun og smíði: Nemendur saga út platta með lögun jólatrés, nemendur hafa val um að nýta hann sem hitaplatta eða bora göt á fyrir jólaseríu svo að úr verði jólatré með ljósum.
- Í hönnun og smíði: Nemendur búa til gamaldags jólatré úr trjágreinum. Þeir klippa greinar, eina 30 cm og hinar 25 cm, 20 cm, 15 cm, 10 cm og 5 cm.

Einnig saga þeir út fót úr 6mm MDF og bora gat sem nemur breidd, 30 cm trjágreinarnar. Henni er stungið ofan í gatið og fest með lími. Hinum greinunum er raðað eftir lengdar röð, þannig að sú lengsta fer neðst og svo koll af kolli þar til sú stysta lendir efst. Greinarnar má festa með fingerðum föndurvír á stofninn.

- Í textílmennit: Nemendur búa til skraut á jólatréð í textílmennit s.s. þæfðar jólakúllur, fléttaða poka úr lérefti og klippa út jólaskraut úr filti.
- Í íslensku: Kennari getur fjallað um mikilvægi ljóssins yfir jólahátíðina, jafnvel lesið söguna *Ævintýrið um Augastein* eftir Felix Bergsson, sem fjallar um hvernig jólasveinarnir hættu að vera hrekkjóttir og urðu góðir.
- Í hönnun og smíði: Nemendur búa til jólakött, Grýlu eða jólasvein. Þeir teikna mynd á tréplötu, stærð 15 cm x 15 cm, mála plötuna og myndina. Að því loknu negla nemendur nagla í útlínur myndarinnar og vefja garni milli naglanna, þannig skapast lyfting í myndinni. Hæglega má tengja þetta verkefni við lestur bókarinnar *Ævintýrið um Augastein*.

5.3 Vorpema

Kennsluverkefni þetta miðar að samþættingu náttúrufræði og hönnunar og smíði, þó einnig sé auðvelt að samþætta við fleiri námsgreinar. Kennsluverkefnið miðar við nær umhverfi Ytri-Rangár sem er vatnsmikil veiðiá í þriggja mínútna fjarlægð frá Helluskóla. Þeir skólar sem búa það vel að vera í nágrenni veiðiáa geta nýtt sér svæðið, ána og umhverfi hennar með umfjöllun um lífríkið og umhverfið. Kennarar geta stuðst við námsefni í náttúrufræði við undirbúning verkefnisins, sjá lesefni sem fylgir kaflanum. Kennsluverkefnið fjallar um lífríki veiðiáa og er gengið út frá að staðsetningin sé í nærumhverfi nemenda. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni sem safnað er í námsmöppu og er mappan metin til einkunna að verkefninu loknu. Verkleg verkefni eru ljósmynduð þegar þau teljast fullkláruð og eru sett í námsmöppuna. Nota má námsmatsblöð sem koma fram í haust- og sumarþema.

5.3.1 Kennslumarkmið

Nemendur

- verði meðvitaðir um mikilvægi hinnar stóru hringrásar lífsins.
- fái aukinn áhuga á lífríki áa og umhverfi þeirra, taki betur eftir því og sýni ábyrga umgengni.
- þjálfist í skráningu, mælingum, túlkun á niðurstöðum og umfjöllun um þær.
- auki orðaforða með munnlegri tjáningu, ritun og hlustun .
- átti sig á mikilvægi samstarfs í hópavinnu.
- efli eigin hæfileika og sjálfstæða hugsun með bók- og verklegri vinnu.
- kynnist fjölbreyttum vinnubrögðum við úrlausnir bók- og verklegra verkefna.

5.3.2 Upphaf verkefnisins

Til að skapa rétta stemningu meðal nemenda, áður en vinna við verkefnið hefst, er góð kveikja mikilvæg. Ein leið til að kveikja á hugmyndum nemenda er að fá gest til að koma og ræða um eigin lífsreynslu og þekkingu á því efni sem fjallað verður um. Í þessu tilfalli væri afar gagnlegt að fá einstakling sem er kunnugur fiskagöngum og ánni t.d. vanan veiðileiðsögumann. Önnur leið er að lesa sögu, ljóð eða að bjóða

nemendum að hlusta á geisladisk. Þá opnast hugur nemenda og þeir ná að tengja sig við verkefnið sem framundan er.

Lesefni sem tengist umfjöllunarefninu:

Árni Árnason. (1989) *Lax lærir að hlusta*. Námsgagnastofnun: Reykjavík.

Árni Árnason. (1989). *Lax lærir að lesa*. Námsgagnastofnun: Reykjavík.

Hrefna Sigurjónsdóttir og Sólrún Harðardóttir. (2006). *Komdu og skoðaðu, hvað gera dýrin*. Námsgagnastofnun: Reykjavík.

Sólrún Harðardóttir. (2005). *Komdu og skoðaðu, hafið*. Námsgagnastofnun: Reykjavík.

Stefán Bergmann. (1996). *Lífrikið í fersku vatni*. Önnur útgáfa. Námsgagnastofnun: Reykjavík.

Vísur og ljóð sem tengjast umfjöllunarefninu:

Símon Jóh. Ágústsson. (1977). *Visnabókin*. Sjötta útgáfa. Iðunn: Reykjavík.

Fagur fiskur í sjónum, Höfundur ókunnur, bls. 35.

Kolbrún Sigurðardóttir, Sverrir Guðjónsson og Þórdís Mósedóttir. (1988). *Ljóðspor*. Námsgagnastofnun: Reykjavík.

Laxinn (úr Vorvísu), Jónas Hallgrímsson, bls. 52.

5.3.3 Framkvæmd verkefnis

Fyrsti hluti verkefnisins hefst á kveikju. Nota má einhverja af þeim hugmyndum sem koma fram að ofan, því næst koma umræður um tegundir ferskvatnsfiska. Kennari skráir hugmyndir nemenda á flettistöflu, þá er hægt að hengja blaðið upp á vegg og nýta við dýpkun á efninu. Þegar umræðum er lokið, skiptir kennari nemendum í hópa (2-3 nemendur í hóp) og er gengið út frá því að þessir hópar haldist gegnum allt verkferlið. Hver hópur fjallar ítarlegar um eina fiskitegund og vinnur veggspjald um sinn fisk. Bætt verður inn á veggspjaldið eftir því sem upplýsingar og þekking eykst í gegnum verkefnavinnuna.

Tenging við myndmennt

Nemendur búa til bakgrunn úr maskínupappír sem þeir mála eins og botn veiðiár. Einnig búa þeir til fiska, t.d. úr þykkum pappír eða tómum plastgosflöskum, sem þeir hengja upp fyrir framan til að skapa þvívíddaráhrif.

Tenging við textílmennt

Nemendur hanna mynd af fiski á rúðustrikað blað og sauma krossaum út í java. Þegar útsaumi er lokið geta nemendur saumað tösku eða pennaveski með bútasaum, þar sem útsaumurinn er hluti af bútasaumnum.

Annar hluti verkefnisins hefst á því að kennari kemur með óslægðan ferskvatnsfisk og sýnir nemendum. Kennari og nemendur hjálpast að við að slægja fiskinn og ræða líkamshluta, s.s. sporð, ugga, roð o.fl. ásamt því að skoða innyflin. Þegar búíð er að skoða fiskinn teikna nemendur myndir af honum ásamt því að skrifa helstu staðreyndir og upplýsingar um hann inn á myndina og bæta við á veggspjöldin sem þeir eru að vinna.

Tenging við hönnun og smíði

- Nemendur búa til brauðbretti sem líkist fiski, úr heppilegum efniviði eftir eigin teikningu sem þeir yfirfæra á efniviðinn og saga út. Þegar sögun er lokið þússa nemendur kanta og bera matarolíu á brettið til að auka endingu þess.
- Fyrir yngri nemendur er einfaldari útfærsla að búa til lyklakippu með fiskamynd úr 6 mm MDF eftir eigin teikningu. Þegar nemendur hafa sagað út og þússað, geta þeir valið um að olíubera eða mála gripinn.
- Einnig má prenta út myndir af fiskum sem þeir saga út eftir og þússa, og líma svo útprentuðu myndina á með límlakki.

Tenging við heimilisfræði

Fiskurinn sem kennari og nemendur slægðu, er matreiddur af nemendum og heimilisfræðikennara. Nemendur leita uppskrifta á veraldarvefnum með aðstoð kennara. Þeir skrifa niður uppskriftina sem fer í námsmöppu þá sem fylgir verkefninu.

Þriðji hluti verkefnisins er vettvangsferð þar sem veiðia í nærumhverfi skólans er skoðuð með tilliti til fyrri umfjöllunar um ferskvatnsfiska. Nemendur taka með sér skriffæri, stílabók, sýnaglös, háfa og annað sem þykir nauðsynlegt til sýnatöku og vettvangsrannsókna. Þegar komið er á árbakkann er staldrað við og umræða um ferskvatnsfiska rifjuð upp, ásamt ítarlegri umfjöllun um fiska og síli sem lifa í ánni. Ræða má um gróðurfar við ána og hvaða gróður er í henni. Að auki taka nemendur sýni s.s. vatns-, gróður eða lífverusýni. Þá er hægt að skoða straum árinna, hreinleika og hitastig vatnsins sem og umhverfið við ána.

Tenging við stærðfræði

Nemendur vinna úr sýnum, með aðstoð líffræðikennara og eru upplýsingar skráðar á veggspjöld í súluritum o. fl. Nemendur rýna einnig í veiðitölur og fjölda seiða sem sleppt er í ána og vinna upplýsingar úr þeim tölum.

Nemendur geta fengið val um hvort gerð sé „Power Point“ sýning eða veggspjöld eins og nefnt er að ofan. Nemendur fara annað hvort á vefinn og finna myndir til að prenta út eða teikna myndir af þeim fiskum sem lifa í Ytri-Rangá, til að skreyta verkefnið.

Tenging við íslensku

Öll vinna við verkefnið tengist íslensku á beinan eða óbeinan hátt, með ritun og skráningu gagna, einnig við skráningu helstu upplýsinga um fisktegundirnar.

Lok verkefnisins geta verið með ýmsu móti. Nemendahóparnir kynna vinnu sína fyrir samnemendum eða bjóða foreldrum á opinn dag í skólanum þar sem þeir kynna og sýna afrakstur verkefnavinnunnar.

5.3.4 Námsmat

Við námsmat á þemavinnu er vel við hæfi að nemendur búi til námsmöppu eins og nefnt er að ofan, þar sem unnum verkefnum er safnað saman. Kennari metur svo frágang, hugmyndavinnu, sköpun o. fl. Námsmatið er byggt á virkni, samvinnu og áhuga nemenda. Meta má hegðun á vettvangi þ.e. sýnir nemandinn áhuga, tekur frumkvæði, beitir þekkingu og fleira því tengt. Þessu til viðbótar má meta dugnað við öflun upplýsinga og úrvinnslu gagna þegar heim er komið ásamt útkomu

verkefnavinnu tengda útivinnunni. Nýta má námsmatsblöðin sem fylgja haust- og sumarþema.

5.3.5 Útvíkkun verkefnisins

- Nemendur geta samið ljóð eða sögur tengdar efninu. Áður en ljóðin eru samin beita nemendur innlifun og hugarflugi. Þeir leggjast á gólfið, loka augunum og ígrunda upplifun sína af vettvangsferðinni og námsefninu. Þegar nemendur er sestir aftur í sæti sín, spyr kennari þá eftirfarandi spurninga. Hvernig er að alast upp sem fiskur í Rangá? Hvað borða þeir? Hvort er betra að vera lax eða silungur? Hvert synda þeir á veturna?
- Nemendur semja og setja upp leikþátt um fiskana sem lifa í ánni, lífsbaráttu þeirra og samskipti. Þarna er hægt að taka á hinum ýmsu málum í gegnum leiklist t.d. vináttu, samvinnu, umhverfisfræðslu, náttúrufræði o. fl. Kennari getur tekið leikritið upp á myndband. Tilvalið er að sýna leikritið eða myndbandið á skólaskemmtun eða foreldraskemmtun.
- Í myndmennt: Þrykkja nemendur roðmynstur með því að mála ferskvatnsfisk með þekjulitum og þrykkja svo með honum á blað og/eða taka sýnishorn af roðinu með sömu aðferð.
- Í hönnun og smíði: búa nemendur til fiska úr greinum sem þeir beygja og festa saman þannig að 3-4 cm standa út af festingastað og mynda sporð (stærð fisks fer eftir lengd greina). Þvergreinar má setja í fiskinn og vefa annað hvort með fingurðum greinum eða garni. Band er sett í fiskinn til að þess að hægt sé að hengja hann upp.

5.4 Sumarþema

Kennsluverkefni þetta miðar að samþættingu stærðfræði við hönnun og smíði, þó einnig sé auðvelt að samþætta við fleiri námsgreinar. Markmið verkefnisins er að nemendur nái að yfirfæra stærðfræðipækkingu sína yfir á raunveruleg verkefni. Þeir þurfa æfingu í að setja þekkingu sína í samhengi við kunnugleg hugtök til að víkka sjóndeildarhring sinn, en það gerir nemendum fært að tengja stærðfræðina við raunveruleikann. Miðað er við að kennsluverkefnið haldist í hendur við kennslu í Einingabókum þeim, sem nemendur eru að nota hverju sinni þ.e. kennari og nemendur eru búnir að fjalla um og fara yfir þau hugtök sem kennsluverkefnið tekur á hverju sinni. Nemendur taka ljósmyndir eða safna á annan hátt verkefnum saman í verkefnabók fyrir kennara að meta til einkunna. Verkefnið er sett upp þannig að nemendur vinna með form og ummál en hverjum kennara er í sjálfsvald sett hvort umfjöllunarefninu er breytt.

5.4.1 Kennslumarkmið

Nemendur:

- fái aukinn áhuga á stærðfræði og tengi stærðfræði við dagleg verkefni.
- þjálfist í skráningu gagna á skipulegan hátt.
- þjálfist í mælingum og notkun á mælitækjum.
- geri sér grein fyrir mikilvægi samvinnu og þjálfist í henni.
- efli eigin hæfileika og sjálfstæða hugsun með verk- og bóklegri vinnu.
- kynnist fjölbreyttum vinnubrögðum við úrlausnir bók- og verklegra verkefna.

5.4.2 Upphaf verkefnis

Kennsluverkefnið gengur út á að nemendur og kennari fara út á skólalóð til að vinna með fjölda stærðfræðihugtaka t.d. skoða og finna form í umhverfi skólans. Áður en farið er út notar kennari hefðbundin útileikföng nemenda sem kveikju að formaleitinni úti. Kennari kemur með hugmyndir um form s.s. bolti, skófla, hvaða form leynast í fuglahúsi o.fl. Nemendur eru beðnir að koma með fleiri hugmyndir. Þessi umræða ætti að opna hug nemenda og víkka sjóndeildarhringinn til að þeir taki frekar eftir þeim formum sem leynast alls staðar í umhverfinu. Verkefninu er ætlað

að fylgja í kjölfar umfjöllunar um ofangreinda þætti í stærðfræðitímum. Nemendur kanna og sannreyna við raunverulegar aðstæður, þá þekkingu sem hefur skapast í undangenginni vinnu inni í skólastofunni. Kennari skiptir nemendum í þör og gefur þeim skýr fyrirmæli um vinnubrögð sem á að viðhafa úti, áður en lagt er af stað.

5.4.3 Framkvæmd verkefnis

Þegar út er komið, fá nemendur blöð þar sem kemur fram hvernig vinna skal verkefnið. Nemendur vinna saman að mælingum og kennari fer á milli nemenda, fylgist með og aðstoðar eftir þörfum. Kennari þarf að minna nemendur á að skráningin þarf að vera námkvæm til að hægt sé að vinna úr niðurstöðum síðar.

Dæmi um verkefnablað fyrir nemendur um form.

Stærðfræðimælingar og form

Nafn: _____

Horfið í kringum ykkur og athugið hvaða form þið sjáið í umhverfinu.

Finnið þríhyrning og mælið ummál: _____

Finnið ferning og mælið ummál: _____

Finnið rétthyrning og mælið ummál: _____

Finnið hring og mælið ummál: _____

Finnið fimmhyrning og mælið ummál: _____

Finnið sexhyrning og mælið ummál: _____

Finnið þið fleiri form í umhverfinu?

Þegar nemendur hafa lokið mælingum fara þeir að safna trjágreinum til að nota síðar til að vinna með form.

Nemendur vinna úr niðurstöðum útivinnunnar í næsta stærðfræðitíma. Stöðvavinnan er þannig hugsuð að nemendur nái að fara á allar stöðvarnar í einum stærðfræðitíma, því hlýtur að teljast heppilegt að nota tvöfaldan tíma fyrir verkefni af þessu tagi.

Hópur 1:

Nemendur vinna súlurit þar sem fram kemur hve mörg form, af hverri tegund, hver hópur fann. Einnig flokka þeir hvaða form reyndist hafa mesta/minnsta ummálið. Upplýsingarnar eru skráðar í reikningsbók hjá hverjum og einum.

Hópur 2:

Nemendur vinna með trjágreinarnar sem safnað var og klippa þær niður í hæfilegar lengdir til að útbúa formin sem þeir fundu og er formunum síðan raðað upp á óróa. Greinarnar lagðar saman og festar með vír, þannig verða til margs konar form.

Hópur 3:

Nemendur fá pappaform úr verkefni 67 í verkefnamöppu sem fylgir *Einingu* 5. Pappaformið klippa nemendur út og nota sem Raðspil. Þeir raða saman formunum í myndir sem þeir teikna á vinnublöð.

Þegar stöðvavinnu er lokið er reiknað með að tími sé fyrir umræður. Þá geta nemendur útskýrt uppgötvanir sínar, hvað hverjum þótti merkilegast og rökhusun er þjálfuð með samræðum í jafningjahópi.

Tenging við hönnun og smíði

- Nemendur útbúa smáhlutahillu, þó ekki stærri en A4 blað, og nota eitt af þeim formum sem fjallað hefur verið um til að móta hilluna, hún verður því t.d þríhyrnings- fernings- eða hringlaga.
- Nemendur búa til sitt eigið Tangram stærðfræðispil. Eldri nemendur búa einnig til kassa utan um spilið. Yngri nemendur nota 6 mm MDF en eldri nemendur gera sitt Tangram úr harðviði.

Tenging við myndmennt

Nemendur skera form út í kartöflur, þrykkja á pappír og leitast við að búa til mynstur úr formþrykkinu.

Tenging við textílmennt

- Nemendur nota kartöflustimpla úr myndmennt til að þrykkja mynstur á boli sem þeir koma með að heiman.
- Nemendur velja sér ákveðið form og klippa það út úr ólíkum textílefnum. Bútarnir eru síðan límdir á kartonpappa.
- Eldri nemendur geta saumað formin á pappann í saumavél. Myndin er síðan römmuð inn í trjágreinaramma.

5.4.4 Námsmat

Námsmat verður annars vegar formlegt, þá verður það byggt á verklegu og munnlegu prófi sem kennari leggur fyrir við lok verkefnisins. Hins vegar verður beitt óformlegu mati sem byggist frekar á söfnun upplýsinga um frammistöðu nemenda meðan á náminu stendur. Kennari fyllir út gátlista þar sem hann metur virkni, samvinnu og áhuga nemenda. Inn í námsmatið kemur mat á hegðun á vettvangi þ.e. sýnir nemandinn áhuga, tekur frumkvæði, beitir þekkingu og fleira slíkt. Þessu til viðbótar má meta dugnað við öflun upplýsinga en einnig má meta úrvinnslu gagna þegar heim er komið og útkomu verkefnavinnu tengda útivinnunni.

Dæmi um gátlista fyrir kennara

Matsblað fyrir kennara til að meta nemanda sem einstakling.					
Nafn	Dags.	Verkefni.			
		Alltaf	Oft	Stundum	Sjaldan
Vinnur af áhuga og samvirkusemi					
Nýtir hugmyndaflug sitt					
Sýnir verksskipulag					
Sýnir snyrtimennsku og metnað					
Vinnur sjálfstætt					
Tekur sjálfstæðar ákvarðanir					
Fer eftir leiðbeiningum og tekur tilsögn					
Sýnir úthald og lýkur verkefnum					
Tekur áhættu með skynsemi					
Sýnir skapandi vinnubrögð					
Vandar frágang á verkefnum					
Gengur frá eftir sig					

Matsblað fyrir kennara til að meta nemanda í hópavinnu					
Nafn	dags.	verkefni.			
		alltaf	oft	stundum	sjaldan
Sýnir góðan vilja til samvinnu					
Tekur gagnrýni á eigin vinnu vel					
Hlustar á og tekur tillit til skoðana annarra					
Lætur vel að stjórn					
Treystir öðrum fyrir mikilvægum verkefnum					
Er sanngjarn við mat á verkum annarra					
Leitast við að stjórna öðrum á jákvæðan hátt					
Kemur vinnunni yfir á aðra					
Á erfitt með samvinnu					
Leitast við að stjórna öðrum á neikvæðan hátt					

5.4.5 Útvíkkun verkefnis

Hér að neðan fylgja svo verkefnablöð sem kennarar geta notað til að nýta kennsluverkefnið að ofan á fjölbreyttari hátt.

Dæmi um verkefnablað fyrir nemendur um hröðun.

Verkefnablað um hröðun.

Nöfn: _____

Hröðun mæld í rennibraut. Við hlið hennar er kassi með bolta, bílum, skóflu, fötu, sippubandi o. fl. sem nemendur geta valið úr.

Vegalengd sem _____ fer niður rennibraut _____

Vegalengd sem _____ fer niður rennibraut _____

Vegalengd sem _____ fer niður rennibraut _____

Er hægt að mæla hröðun á annan hátt en að mæla vegalengdina sem hlutur fer?

Dæmi um verkefnablað fyrir nemendur um vogarafl.

Verkefnablað um vogarafl.

Nöfn: _____

Jafnvægi mælt á vegasalti. Við hlið þess er kassi með misstórum/þungum trékubbum og steinum sem nemendur geta valið úr. Einnig er vigt þar sem hægt er að vigta hvern stakan hlut. Veljið tvo hluti hvort og setjið á sitt hvorn enda vegasaltsins.

Hve marga hluti þarf hvoru megin til að jafnvægi náist? _____

Hve þungir voru hlutirnir _____ hægra megin? _____

Hve þungir voru hlutirnir _____ vinstra megin? _____

Er hægt að mæla jafnvægi á annan hátt en að nota hlutina í kassanum?

- Í stærðfræði: Nemendur klippa trjágrein í metralengd og mæla lengd hluta úti við og skrá á vinnublöð.
- Í stærðfræði: Nemendur nota blýant og málband til að mæla hæð trjáa, sjá líkt verkefni hjá Norðlingaskóla (<http://www.nordlingaskoli.is/starfsfolk/bjornslundur/staerdfraedi.html> [sótt 5. apríl 2010]).

Í lokin bendum við á:

Leikjavef Ingvars Sigurgeirssonar, þar má finna ógrynni hugmynda þar sem nemendur tengja verklega færni við bóklega.

<http://www.leikjavefurinn.is/> [sótt 5. apríl 2010]

Kennsluhugmyndavef um barna- og unglingabókmenntir.

<http://mennta.hi.is/vefir/barnung/kennari/kennhugm/hugmyndir.htm> [sótt 5. apríl 2010].